



Endurskoðuð umbótaáætlun Grunnskólans á Hólmavík

Inngangur

Umbótaáætlun var gerð í framhaldi af úttekt á skólastarfi Grunnskólans á Hól mavík sem fram fór á tímabilinu febrúar - apríl 2012. Í bréfi dags. 17. apríl 2012 óskaði mennta- og menningamálaráðuneytið eftir að fá senda tímasetta umbótaáætlun vegna þeirra athugasemda sem fram komu í skýrslu úttektaraðila. Í erindisbréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila var beðið um að settar yrðu fram „raunhæfar og rökstuddar tillögur að aðgerðum til úrbóta“ á starfi þess skóla sem úttektin tekur til. Umbótaáætlun barst ráðuneytinu í tölvupósti þann 30. maí 2012.

Í bréfi dags. 24. september 2012 með síðari ítrekun er óskað eftir að skilgreint sé hverjir eru ábyrgðaraðilar fyrir innleiðingu umbóta og að framkvæmdir séu tímasettar hvað varðar upphaf og lok umbóta.

Í ljósi þeirra mannbreytinga sem orðið hafa á yfirstandandi skólaári er þörf fyrir endurskoðun á þeirri umbótaáætlun sem send var ráðuneytinu þann 30. maí 2012. Endurskoðunin nær einungis til tímasetninga sem settar voru fram í umbótaáætluninni.

1. *Skólanámskrá verði endurskoðuð í ljósi nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Flétta þarf sex grunnþætti menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun) með virkum hætti inn í skólanámskrá, allt starf og stefnu skólans.*

Undirbúningur er hafinn vegna innleiðingar á nýrri aðalnámskrá og endurskoðunar skólanámskrár í samræmi við nýja aðalnámskrá. Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins munu taka þátt í þeirri vinnu (sjá lið 2). Í ljósi mikilla mannbreytinga á undanförunum misserum hafa skólastjórnendur tekið að sér að stýra vinnu við endurskoðun skólanámskrár með aðkomu allra starfsmanna og annarra hagsmuna aðila. Starfsmenn skrá sig í teymi sem vinna samkvæmt áætlun um innleiðingu á nýrri aðalnámskrá.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	Vinna hófst í janúar 2013	Desember 2013	Áætlun um endurskoðun á skólanámskrá	Námskeið og leiðsögn.

2. *Við endurskoðun skólanámskrár þarf að virkja frumkvæði og hugmyndir kennara við alla gerð hennar, s.s. við móttöku sýnar og stefnu skólans og ræða við alla hlutadeigandi áður en endanlega er frá henni gengið.*

Vinna við endurskoðun á skólanámskrá er gerð samhliða innleiðingu á aðalnámskrá. Gert er ráð fyrir að teymi úr hópi starfsmanna stýri vinnu við endurskoðun skólanámskrár. Aðrir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins s.s. foreldrafélag, nemendafélag, skólaráð, fræðslunefnd munu einnig koma að þeirri vinnu. Skólanámskráin verður endurskoðuð í samræmi við athugasemdir í úttektarskýrslu, nýja aðalnámskrá og lögum um grunnskóla. Allar stefnur, kennslu- og námsáætlanir og upplýsingar um skólastarfið verða aðlagðar þeim kröfum sem koma þar fram. Sex grunnþætti menntunar verða hafðir að leiðarljósi við gerð skólanámskrár og munu endurspeglast í öllu starfi og stefnu skólans. Skipað verður teymi úr hópi kennara úr öllum bekkjardeildum til að vinna tímabundin verkefni er lúta að endurskoðun skólanámskrár.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	Desember 2013	Apríl - maí 2015	Endurskoðuð skólanámskrá Grunnskóla Hólmavíkur út frá lögum, reglugerðum og skólastefnu sveitarfélagsins.	Námskeið og leiðsögn fyrir alla kennara. Greiðslur úr potti fyrir setu kennara í teymi.

3. Kerfisbundið verði unnið að því að festa aðferðir til innra mats í sessi og það gert að virku tæki til þróunar starfs og faglegrar ígrundunar kennara.

Umbótaáætlun fyrra skólaárs verður endurskoðuð. Sjálfsmatsteymi skólans sér um skipulagningu á innra mati skólans, kynningu niðurstaðna, gerð umbótaáætlana og eftirfylgni þeirra. Fyrst í stað er gert ráð fyrir að nýta Skólapúsinn í innramat skólans. Sjálfsmatsteymið mun vinna í að skoða matskerfi sem leiði til markvissrar þróunar á faglegu starfi innan skólans. Sérstaklega er horft til matskerfis eins og t.d. *How good is our school*.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri, sjálfsmatsteymi	Febrúar 2014	Ekki er gert ráð fyrir að þessari vinnu ljúki	Þekking starfsfólks á innra mati skóla Umbótaáætlunir birtar á heimasíðu. Niðurstöður innra mats kynntar í skólaráði, fræðslunefnd og birtar á heimasíðu skólans	

4. Sérfræðipjónusta verði eflað og stuðningur og ráðgjöf við kennara aukinn.

Gengið hefur verið frá samningi við utanaðkomandi aðila sem er starfsfólki til ráðgjafar og stuðnings þegar kemur að viðbrögðum við vanda í námi og kennsluumhverfi.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri, sjálfsmatsteymi	September 2013	Ekki er gert ráð fyrir að þessari vinnu ljúki	Gert er ráð fyrir heimsóknnum í hérað á sex vikna fresti yfir allt skólaárið. Einnig er gert ráð fyrir símafundum á sama tímabili	

5. Stuðlað verði að markvissri endurmenntun kennara út frá þörfum skólans og einstakra starfsmanna.

Endurmenntunaráætlun skólans var endurskoðuð haustið 2012 og hún aðlöguð að stefnu skólans og óskum kennara. Komið verður til móts við og tekið mið af þróunaráherslum skólans við sameiginlega endurmenntun fyrir skólann. Á síðastliðnu skólaári, þessu og því næsta verður lögð áhersla á að koma til móts við þarfir kennara til að styrkja endurmenntun og fræðslu er varða einstaklingsmiðaða kennsluhætti, námsmat og styrkir faglegan undirbúning og sjálfstraust kennara (sá lið 6). Með samstarfi við trúnaðarmenn og Félag

grunnskólakennara verða kennarar hvattir til að nýta sér fjárhagslegan stuðning sem í boði er á vegum FG til endurmenntunar og þeir hvattir til að nýta sér aðgengi að einstaklings- og hópstyrkjum auk þess sem sótt verður í Endurmenntunarsjóð grunnskóla hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Endurmenntunartími starfsmanna verður að einhverju leiti ákveðinn og nýttur í sameiginlega fræðslu og verkefni.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	September 2012	Lokið	Endurmenntunaráætlun birt á heimasíðu skólans	Ýmis námskeið Ýmsir styrkir sem eru í boði fyrir starfsfólk grunnskóla

6. Skerpt verði á sameiginlegum skilningi kennara um hvað einstaklingsmiðaðir kennsluhættir fela í sér og þeim veitt fræðsla og ráðgjöf við að tileinka sér vinnubrögð af því tagi. Áfram verði unnið að þróun námsmatsaðferða og sjónum beint að leiðsagnarmati (formative assessment) í ríkum mæli.

a) *Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir.*

Námskeið um einstaklingsmiðaða kennsluhætti var keypt frá Miðstöð um skólaþróun við HA. Um var að ræða 8 kennslustunda staðnám með verkefnaskilum og eftirfylgni.

b) *Námsmat.*

Námskeið var haldið um leiðsagnarmat í september 2013 með verkefnaskilum og eftirfylgni. Gert er ráð fyrir að framhald verði á verkefninu og að sótt verði um styrk í Þróunarsjóð grunnskóla, Sprotasjóð. Mikilvægt er að halda áfram með verkefnið sem felur í sér að efla fagmennsku og vinnubrögð sem varða markmiðssetningu og áætlanagerð, námsmóppur, sjálfsmat og jafningjamat, leiðarbækur, matssamtöl og foreldrafundi, frammistöðumat, kvarða (rubrics), margvíslegar leiðir við prófagerð og loks hvernig birtingu mats skal háttáð.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	September 2013	Maí 2016	Þekking og færni kennara á notkun einstaklingsmiðaðra kennsluhátta. Þekking og færni kennara á fyrirlögn á mismunandi námsmati, úrvinnsla og eftirfylgni.	Námskeið frá HA Styrkur úr Þróunarsjóði grunnskóla

7. Hlúð verði að teymisvinnu meðal kennara sem felur í sér skuldbindingu þeirra um að læra saman og leita leiða, bæði við undirbúning kennslu og í kennslu, til að auka og bæta nám og skólastarf almenn.

Á vormánuðum 2013 hófst vinna við að endurskoða vinnubrögð kennara með það í huga að auka fagmennsku kennarans. Við endurskoðun á skólanámskrá og við innleiðingu á nýrri aðalnámskrá er gert ráð fyrir faglegri teymisvinnu. Leshópar, umræðuhópar og smiðjur eru starfandi. Einnig hafa verið stofnuð teymi kennara sem koma að kennslu ákveðinna námshópa.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	Vor 2013	Ekki er gert ráð fyrir að vinnu ljúki	Aukin fagmennska kennara birtist í nálgun á námsefni og þróun á kennsluháttum	Bundin viðvera

8. Fyrirkomulag sérkennslu verði endurskoðað og dregið úr klínískum áherslum í starfinu. Áhersla verði lögð á að rýna í starfshætti skólans við að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Skólaárið 2011 -2012 var gerð viðamikil endurskoðun á fyrirkomulagi sérkennslu við Grunnskólann á Hólmavík. Starfssemi Nemendaverndarráðs var eflt til muna og starfar það nú samkvæmt gildandi lögum og verkferlum sem starfsfólk skólans hefur mótað. Með eflingu Nemendaverndarráðs Grunnskólans á Hólmavík hefur verið komið í veg fyrir þær klínísku áherslur sem einkenndu það kerfi sem var fyrir. Nú er að ljúka öðru starfsári eftir þær breytingar sem gerðar voru á sérkennslumálum og eru klínísk áhrif nú hverfandi þó enn gæti óöryggis um gjörbreytt vinnubrögð af hálfu foreldra. Árangurinn er að sérkennslustundum hefur fækkað um 50% og fjölda nemenda með sértæka greiningu hefur einnig fækkað. Eins og fram kemur í skýrslu um úttekt ráðuneytisins eru þessar breytingar staðfestar í viðtölum við kennara og fulltrúa sérkennslu og að álit þeirra hefur um flest tekist vel. Kennarar hafa tileinkað sér nýja kennsluhætti og aðra nálgun á námsefni en áður tíðkaðist. Upplýsingar um fyrirkomulag sérkennslu eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Á skólaárinu 2011-2012 og 2013-2014 hafa sérkennari og fulltrúi sérkennslu sótt fjölda námskeiða til réttinda á notkun ýmissa matstækja s.s. LOGOS, Told, notkun Cat – kassans, Talnalykill, SFA – Skólafærniathugun, GRP – 14, Gerth strand o.fl. Sérkennslufulltrúar sækja vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins. Á hverju hausti sækja stuðningsfulltrúar námskeið á vegum Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins í m.a. TEACCH – Skipulögð kennsla.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	Haust 2011	Ekki er gert ráð fyrir að vinnu ljúki	Fækkun sérkennslustunda, aukin stuðningur við kennara ólíkra námshópa	Námskeið á vegum GRR

9. Stundaskrá verði tekin til endurskoðunar m.t.t. skólaaksturs.

Gerð var könnun í maí 2013 meðal foreldra/forráðamanna um upphaf skóladags með óbreyttu fyrirkomulagi á opnun skólans og gæslu fyrir yngstu nemendurna. Um 50% svarhlutfall var á könnuninni en af þeim sem svöruðu var meirihlutinn fylgjandi því að skóladagurinn hæfist klukkan 8.30 í stað 8.10 eins og áður

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Skólastjóri	Maí 2013	Júní 2013	Breyting á stundaskrá	Könnun gerð meðal foreldra/ forráðamanna

10. Unnið verði skipulega að endurbótum á húsnæði skólans og að koma allri starfsemi hans, þ.m.t. mötuneyti, heimilisfræðslu og íþróttakennslu, sem mest á sama stað.

Í stað þess að leggja áherslu á að koma allri starfsemi skólans sem mest á sama stað er lögð áhersla á að bæta það húsnæði sem fyrir er og bæta aðgengi/flæði á milli staða.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Sveitarstjórn	Vor 2012	Vor 2013	Framtíðarsýn húsnæðismála skóla í Strandabyggð	Mat og ákvörðun sveitarstjórnar.

11. Unnið verði að viðhaldi og umhirðu á skólalóð og umbætur gerðar í samræmi við athugasemdir BSI á Íslandi.

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti rekstrarhandbók leiksvæða í Strandabyggð 15. maí 2012. Í rekstrarhandbókinni er fjallað um ábyrgð allra þeirra aðila sem koma að leiksvæðinu við Grunnskólann á Hólmavík. Kveðið er á um að þar skuli einungis sett niður vottuð leiktæki í framtíðinni og allir verkferlar varðandi leiksvæðið útskýrðir.

Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Viðmið um árangur Hvernig/hvenær mælt	Bjargir
Sveitarstjóri	Maí 2012	Ágúst 2014	Rekstrarhandbók leiksvæða í Strandabyggð Vottuð leiktæki Umhverfi leiktækja í samræmi við viðmið BSI	Úttekt á vegum BSI

Hólmavík, 24. janúar 2014

Andrea Kristín Jónsdóttir, sveitarstjóri